

Innviðaráðuneytið,
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Sent í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda

Hvammstanga, 9. nóvember 2022

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um innheimtustofnun sveitarfélaga (tilfærsla á innheimtu meðlaga). Mál nr. 208/2022 í Samráðsgátt stjórnvalda

Í Samráðsgátt stjórnvalda er til umsagnar tillaga að breytingum á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga (tilfærsla á innheimtu meðlaga). Byggðarráð Húnaþings vestra fjallaði um málið á 1157. fundi sínum þann 7. nóvember 2022 og bókaði svohljóðandi:

Byggðarráð Húnaþings vestra lýsir yfir stuðningi við tillögu þá sem fyrir liggur um flutning verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga til sýslumannsins á Blönduósi. Þar hefur byggst upp mikil þekking og góð reynsla af innheimtumálum sem nýtist vel í innheimtu meðlagsgreiðslu. Byggðarráð óskar eftir því að hluti þeirra starfa sem kunna að skapast á Norðurlandi vestra við breytinguna verði staðsettur á Hvammstanga. Með því mætti leysa skort á þjónustu sýslumanns í Húnaþingi vestra. Húsnæði er nú þegar fyrir hendi sem nýtt hefur verið fyrir mánaðarlegar heimsóknir fulltrúa sýslumanns og einnig er glæsilegt skrifstofusetur til staðar.

Byggðarráð samþykkir tillöguna samhljóða og felur sveitarstjóra að senda hana inn í Samráðsgátt stjórnvalda.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.